

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Dagsetning: 15.01.2020
Málsnúmer: FJR19080046
Bréfalykill: 3.6

Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (pskj. 389, 341. mál)

I. Innangangur

Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum sem bárust til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (pskj. 389, 341. mál) og eru tillögur ráðuneytisins að breytingum við einstakar greinar settar fram í IV. kafla minnisblaðsins. Efnahags- og viðskiptanefnd bárust fjórar umsagnir vegna frumvarpsins, þ.e. frá Lánamálum ríkisins, Fjármálaeftirlitinu, FRAMÍS samtökum framtaksfjárfesta og LOGOS slf.

II. Viðbrögð við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd

A. Umsögn Lánamála ríkisins.

Í umsögn Lánamála ríkisins er lagt til, í þeim tilgangi að forðast hugtakarugling, að í stað hugtaksins *aðalmiðlari* sem þýðing á enska hugtakinu „prime broker“ verði fundið annað hugtak sem ekki er í virkri notkun og er annarrar merkingar en fram kemur í frumvarpinu. Að mati Lánamála ríkisins væri til dæmis hægt að notast við hugtakið *fjármálaþjónustumiðlari* eða *miðlari* líkt og það er þýtt í íslenskri þýðingu tilskipunar 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Tekið er undir þessa breytingartillögu og lagt til að hugtakið miðlari verði notað í stað aðalmiðlara til þýðingar á enska hugtakinu „prime broker“.

B. Umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið (FME) gerir í umsögn sinni athugasemdir við nokkur atriði í frumvarpinu og leggur til eftirfarandi breytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að orðunum „áður en starfsemi hefst“ verði bætt við 1. ml. 1. mgr. 7. gr. þannig að ljóst sé hvenær skráningarskylda stofnast.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu.

Í öðru lagi er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins í því skyni að heimila Fjármálaeftirlitinu að kalla eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda um starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða til að ganga úr skugga um að hann fullnægi skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfis sem fram komi í 11. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu. Rétt er að taka fram að í 6. og 7. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er gert ráð fyrir að kröfur um upplýsingaskil vegna starfsleyfisumsókna séu samræmdar á innri markaðnum, en í framangreindu ákvæði tilskipunarinnar er gert ráð fyrir viðbótarreglum í framseldri reglugerð og framkvæmdareglugerð með nánari útlistun á formi og efni þeirra upplýsinga sem þurfa að fylgja umsókn um starfsleyfi. Þær reglur hafa enn sem komið er ekki verið settar. Er samræmingarþörfin einkum vegna þess að starfsleyfi til rekstraraðila sérhæfðs sjóðs veitir heimildir til að starfa í öðrum ríkjum EES og þarf því að vera ljóst að

samræmdar kröfur liggi að baki starfsleyfi rekstraraðilanna. Í ljósi þess að um viðbótarskilyrði er að ræða er það ekki talið fara gegn markmiðum tilskipunarinnar að bæta umræddum tölulið við ákvæðið.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 1. mgr. 87. gr. þannig að innlausnarskylda í fjárfestingarsjóði sé ekki að lágmarki ársfjórðungslega eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu heldur að hámarki með þriggja mánaða fyrirvara. Verði breytingin ekki gerð þurfi fjárfestingarsjóðir sífellt að vera viðbúnir innlausnum hlutdeildarskírteinishafa á þriggja mánaða fresti.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu, enda er fyrirkomulag það sem lagt er til í umsögninni hentugra fyrir lausafjárstýringu sjóðanna.

Í fjórða lagi er lagt til að orðunum „án tafar“ verði bætt við 1. mgr. 96. gr. þannig að tryggt sé að rekstraraðilar láti stofnunina vita strax í kjölfarið á að fjárfesting fjárfestingarsjóðs fari fram úr hámarkum.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu og leggur einnig til að 2. mgr. verði breytt til að auka skýrleika enn frekar.

Í fimmta lagi leggur FME til breytingu á 7. mgr. 99. gr. þannig að vísað sé til ákvæða laga sem rætur eigi að rekja til ákvæða tilskipunar 2011/61/ESB í stað þess að stofnuninni sé falið eftirlit með framkvæmd ákvæða tilskipunar ESB.

Tekið er undir að bæta megi skýrleika í umræddu ákvæði og leggur ráðuneytið til breytingar sem miða að því að gera skýrara í hvaða tilvikum Fjármálaeftirlitinu ber að upplýsa lögbær yfirvöld í heimaríki rekstraraðila.

Í sjötta lagi er lagt til að orðin „ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu“ verði felld út úr texta 3. mgr. 101. gr. frumvarpsins, enda sé þennan fyrirvara ekki að finna í tilskipun um rekstraraðila sérhæfðra sjóða eða annarri löggjöf ESB um fjármálamarkaðinn. Þar af leiðandi takmarki þessi fyrirvari sektarheimild FME um of.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu og leggur til breytingu á ákvæðinu í samræmi við þetta.

Í sjöunda lagi er gerð athugasemd við að óskýrt sé í ákvæði 2. mgr. 109. gr. til hverra er vísað með orðalaginu „þær stofnanir“ í síðari hluta málsgreinarinnar og er lagt til að málsgreininni verði breytt m.t.t. þessa og hún þar með gerð skýrari.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu og leggur til að bætt verði við ákvæðið „allar framangreindar stofnanir“ í stað „þær stofnanir“ til að auka skýrleika.

Í áttunda lagi er gerð athugasemd við það hvað skylda FME til tafarlausrar afhendingar upplýsinga og gagna skv. 3. mgr. 109. gr. er opin og lagt til að bætt verði við aftast við málsgreinina orðunum „samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2011/61/ESB“.

Ráðuneytið tekur undir tillögu þessa. Er hún í fullu samræmi við texta þess ákvæðis tilskipunarinnar sem innleidd er með umræddu frumvarpsákvæði.

Í níunda lagi er lagt til að 1. ml. 8. mgr. 109. gr. hljóði þannig að vísað sé til þeirra ákvæða laganna sem eigi rætur að rekja til ákvæða tilskipunar 2011/61/ESB en ekki til laganna sjálfra án tilvísunar til tilskipunarinnar.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu og leggur til breytingar sem miða að því að gera skýrara í hvaða tilvikum Fjármálaeftirlitinu ber að tilkynna ESMA og lögbærum yfirvöldum í heima- og gistiríkjum rekstraraðila.

Í tíunda lagi þykir óskýrt í 2. ml. 8. mgr. 109. gr. hvort að FME beri tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðinu til annarra gistiríkja, eins og kveðið sé á um í 1. ml. ákvæðisins, en í ákvæðinu er vísað til lögbærra yfirvalda annars ríkis innan EES.

Ákvæði þetta er innleiðing á 5. mgr. 50. gr. tilskipunar um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Ekki er þar gert ráð fyrir tilkynningu um niðurstöður aðgerða til annarra gistiríkja, heldur aðeins til þess ríkis sem sendi upprunalegu tilkynninguna um möguleg brot rekstraraðila. Ráðuneytið telur því ekki að þessi athugasemd gefi tilefni til breytinga á frumvarpsákvæðinu.

Í ellefta lagi leggur FME til að í 2. mgr. ii-liðar e)-liðar 1. tl. 120. gr. frumvarpsins verði vísað til Seðlabanka Íslands í stað Fjármálaeftirlitsins að því er varðar regluheimild stjórnvaldsins.

Ráðuneytið tekur undir þessa breytingartillögu.

C. Umsögn FRAMÍS samtaka framtaksfjárfesta.

FRAMÍS gerir tvær athugasemdir í umsögn sinni, annars vegar að létt verði á umframskyldum sem lagðar eru á smærri rekstraraðila sérhæfðra sjóða í frumvarpinu og hins vegar að smærri rekstraraðilum verði heimilt að markaðssetja sérhæfða sjóði sína til almennra fjárfesta með skilyrðum.

Hvað fyrri punktin varðar telja FRAMÍS það ekki stutt haldbærum rökum í frumvarpinu að gerðar séu meiri kröfur hér á landi til smærri rekstraraðila en gerðar eru í tilskipun 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og telja fullt tilefni til þess að létta á umræddum skyldum og færa þær til samræmis við það sem tilskipunin kveður á um m.a. vegna þess að með frumvarpinu eru felldir undir gildissvið laganna mun fleiri aðilar en áður töldust fagfjárfestasjóðir.

Líkt og kemur fram í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins var við mat á þörfinni fyrir auknum kröfum fyrst og fremst horft til þeirra krafna sem gerðar eru til fagfjárfestastjóða í nágildandi löggjöf, til fjárfestaverndar og til sérstöðu íslenska fjármálamarkaðarins þegar kemur að kerfisáhættu. Fjárhæðarviðmið samkvæmt tilskipuninni eru há miðað við stærð íslenska hagkerfisins og miðað við markaðinn á Íslandi og mælir það með því að auknar kröfur séu gerðar. Full ástæða þykir því til að skráningarskyldir aðilar falli undir helstu ákvæði laganna til verndar fjárfestum auk þess sem hinar auknu kröfur gera eftirlitsaðilum kleift að fylgjast með þróun kerfisins og áhættu þess. Ráðuneytið tekur því ekki undir sjónarmið sem fram koma í umsögn FRAMÍS um að rétt sé að létta á þeim skyldum sem settar eru á skráningarskylda rekstraraðila í frumvarpinu.

Hvað varðar síðari athugasemd FRAMÍS kemur fram í umsögninni að um sé að ræða verulega íþyngjandi breytingu fyrir smærri rekstraraðila sem hafi til þessa fallið utan eftirlits Fjármálaeftirlitsins og geti nú um stundir markaðssett sig gagnvart almennum fjárfestum en verði eftir gildistöku laganna það óheimilt. Þá segir í umsögninni að sömu kröfur séu ekki gerðar til annarra rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan EES sem megi markaðssetja sig til almennra fjárfesta á Íslandi þrátt fyrir umrætt bann 5. gr. frumvarpsins og telji samtökin að hið sama ætti að gilda um íslenska sérhæfða sjóði. Leggur FRAMÍS því til að smærri rekstraraðilum verði heimilt að markaðssetja sjóði sína til almennra fjárfesta. Eftir atvikum væri unnt að binda slíka heimild tilteknum skilyrðum.

Möguleikar á markaðssetningu sérhæfðra sjóða til almennra fjárfesta voru skoðaðir mjög vel við vinnslu frumvarpsins og var talið rétt að viðhalda því fyrirkomulagi sem er við lýði samkvæmt gildandi rétti, þ.e. að ekki er heimilt að markaðssetja fagfjárfestarsjóði til almennra fjárfesta en að fjárfestingarsjóði sé hins vegar heimilt að markaðssetja til þeirra. Ekki var talin knýjandi þörf á að breyta þessu fyrirkomulagi að svo stöddu meðal annars vegna sjónarmiða um fjárfestavernd. Sú krafa að aðeins starfsleyfis skyldum rekstraraðilum er heimilt að markaðssetja fjárfestingarsjóði sína til almennra fjárfesta er fyrst og fremst vegna fjárfestaverndar, enda falla slíkir rekstraraðilar undir strangara eftirlit en á við um smærri rekstraraðila, auk þess sem m.a. upplýsingaskylda til fjárfesta er meiri þegar um er að ræða fjárfestingarsjóði en aðra sérhæfða sjóði samkvæmt frumvarpinu. Lagt er því upp með að kjósi rekstraraðili að markaðssetja sérhæfðan sjóð til almennra fjárfesta þurfi hann að sækja um starfsleyfi og fara að ákvæðum frumvarpsins sem gilda um fjárfestingarsjóði, svo sem í tengslum við fjárfestingarheimildir, innlausnarskyldu og staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á sjóðnum. Í þessu sambandi þarf einnig að skoða skilgreiningu á hugtakinu markaðssetning í frumvarpinu, en ekki er þar átt við svokallaða öfuga tilboðsgjöf, sem felst í því að fjárfestir hefur sjálfur samband við

sérhæfðan sjóð í þeim tilgangi að kaupa í honum. Slíkt telst því ekki markaðssetning í skilningi frumvarpsins og er því ekki takmarkað.

Þá virðist gæta einhvers misskilnings í umsögn FRAMÍS um það hvort að rekstraraðila sérhæfðra sjóða með staðfestu í öðru EES-ríki en Íslandi sé heimilt að markaðssetja sjóði sína til almennra fjárfesta á Íslandi. Slíkt er þeim aðeins heimilt að fenginni heimild Fjármálaeftirlitsins. Slík heimild er aðeins veitt að uppfylltum tilteknum skilyrðum, svo sem um að starfsemi rekstraraðila sé í samræmi við ákvæði frumvarpsins og afleiddra stjórnvaldsfyrirmæla og að sýnt sé fram á að vernd fjárfesta sé tryggð með sambærilegum hætti í lögum heimaríkis viðkomandi sjóðs og gert er vegna fjárfestingarsjóða, sbr. 65. gr. frumvarpsins. Þá er Fjármálaeftirlitinu samkvæmt frumvarpinu heimilt að skilyrða heimildina til að tryggja fjárfestavernd.

Með vísan til alls framangreinds telur ráðuneytið ekki rétt að gera breytingar á ákvæðum frumvarpsins vegna þessara athugasemda FRAMÍS.

D. Umsögn LOGOS slf.

Í umsögn LOGOS slf. eru gerðar athugasemdir við að orðanotkun í frumvarpinu geti skapað óvissu um réttarstöðu fjárfestingarfélaga, sem talið er mikilvægt að verði lagað þannig að ljóst sé til hverra hin nýja löggjöf muni ná. Vísað er til skilgreiningar í 3. gr. frumvarpsins á orðinu eignarhaldsfélag og er lögð til sú breyting á b-lið 7. tölul. 3. gr. að hugtakið „divestment“ verði ekki þýtt sem fjárlosun heldur sem sala í því skyni að skerpa á skýringu ákvæðisins og gera það nákvæmara.

Að mati ráðuneytisins er framsetning umrædds frumvarpsákvæðis í samræmi við hugtakanotkun í tilskipun um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þýðing ákvæðanna var skoðuð vel og var talið að of þröng þýðing væri ekki í samræmi við markmið tilskipunarinnar. Meta þarf hvort hver og einn aðili falli undir skilgreiningu frumvarpsins um að vera rekstraraðili sérhæfðs sjóðs, en sérhæfur sjóður er skilgreindur í 26. tölul. 3. gr. frumvarpsins og þarf að líta til allra þátta þeirrar skilgreiningar við mat á þessu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig skilja skuli einstaka liði í skilgreiningunni sem líta skal til við matið. Þá er markmiðið með því að hafa skilgreiningar á takmörkunum á gildissviði laganna fremur þrengri heldur en hitt að vernda fjárfesta í sérhæfðum sjóðum, en fjárfestavernd er meðal helstu markmiða tilskipunarinnar um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Telur ráðuneytið því ekki rétt að fallast á þessa tillögu til breytinga.

III. Önnur atriði

Til viðbótar við þær breytingar sem ráðuneytið fellst á að gera þurfi í framhaldi af framangreindum umsögnum er einnig talin þörf á að gera eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

- Fella má brott 3. tölul. 1. mgr. 117. gr. frumvarpsins, en ekki stendur til að setja sérstaka reglugerð vegna útboðslýsinga og lykilupplýsinga fyrir fjárfestingarsjóði. Í 86. gr. frumvarpsins um upplýsingagjöf til fjárfesta vegna fjárfestingarsjóða er vísað til þeirra krafna sem gerðar eru til upplýsingagjafar í útboðslýsingum og lykilupplýsingum verðbréfasjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði.
- Fella má brott 5. tölul. 2. mgr. 117. gr. frumvarpsins. Töluliður þessi er tvítekin í ákvæðinu, en í 11. tölul. er kveðið á um verðbréfalán fjárfestingarsjóða skv. 95. gr. frumvarpsins.

Þá mætti laga innsláttarvillu í c-lið 19. tölul. 120. gr. frumvarpsins, en þar er töluliður 1 ranglega staðsettur fremst, en ætti með réttu að vera á eftir tvípunkti og greinarskilum sem þar vantar.

IV. Breytingartillögur við frumvarpið

Með vísan til þeirra athugasemda sem bárust vegna frumvarps til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, auk nokkurra annarra breytinga sem ráðuneytið telur þörf á að gera, leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í stað orðsins „aðalmiðlari“ í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., 2. mgr. 34. gr. og 18. tölul. 1. mgr. 46. gr. frumvarpsins kemur: miðlari.

Ábending til efnahags- og viðskiptanefndar: Til að stafrófsröð haldist í 1. mgr. 3. gr. þyrfti, vegna þessarar breytingar, að laga röðun skilgreininga.

2. Í stað orðsins „aðalmiðlurum“ í 5. mgr. 19. gr. kemur: miðlurum.
3. Í stað orðsins „aðalmiðlara“ í 5. mgr. 22. gr. tvisvar sinnum, 2. mgr. 34. gr., 3. mgr. 41. gr. og 18. tölul. 1. mgr. 46. gr. tvisvar sinnum kemur: miðlara.
4. Við 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins bætist: áður en starfsemi hefst.
5. Við 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar.
6. 1. mgr. 87. gr. frumvarpsins orðist svo:

Hlutdeildarskirteini fjárfestingarsjóða eru innlausnarskyld að hámarki með þriggja mánaða fyrirvara. Um innlausn fer samkvæmt reglum sjóðs. Rekstraraðila er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu fjárfestingarsjóðs.
7. Á eftir orðunum „og tilkynna Fjármálaeftirlitinu“ í 1. mgr. 96. gr. frumvarpsins kemur: án tafar þar um.
8. Á eftir orðunum „skulu eiga sér stað“ í 1. ml. 2. mgr. 96. gr. frumvarpsins kemur: í síðasta lagi innan þriggja mánaða.
9. 7. mgr. 99. gr. orðist svo:

Hafi Fjármálaeftirlitið gilda ástæðu til að ætla að rekstraraðili skv. 1. mgr. hafi sýnt af sér háttsemi sem fer gegn ákvæðum reglna sem um rekstraraðilann gilda og sem það hefur ekki ábyrgð á eftirliti með, skal því komið á framfæri við lögbær yfirvöld í heimaríki rekstraraðila.
10. Orðin „og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu“ í 3. mgr. 101. gr. frumvarpsins falla brott.
11. Í stað orðanna „þær stofnanir“ í 2. mgr. 109. gr. frumvarpsins kemur: allar framangreindar stofnanir.
12. Við 3. mgr. 109. gr. bætist: samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2011/61/ESB.
13. 1. ml. 8. mgr. 109. gr. orðist svo:

Hafi Fjármálaeftirlitið gilda ástæðu til að ætla að rekstraraðili sem ekki fellur undir eftirlit þess hafi sýnt af sér háttsemi sem fer gegn ákvæðum laga sem byggja á ákvæðum tilskipunar 2011/61/ESB, skal það tilkynna ESMA og lögbærum yfirvöldum í heima- og gístiríkjum viðkomandi rekstraraðila þar um.
14. 3. tölul. 1. mgr. 117. gr. falli brott.
15. 5. tölul. 2. mgr. 117. gr. falli brott.
16. 2. mgr. ii-liðar e-liðar 1. tölul. 120. gr. orðist svo: Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um eftirlit með áhættu samkvæmt þessari grein.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2019
Tilvísun: 2019110027

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 13. nóvember 2019 þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (341. mál). Fjármálaeftirlitið hefur farið yfir frumvarpið og telur ástæðu til að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina.

Almennt um frumvarpið

Fjármálaeftirlitið lýsir almennt ánægju með að frumvarpið líti dagsins ljós og telur mikilvægt að frumvarpið verði, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem stofnunin geri í þessari umsögn, samþykkt sem lög.

Athugasemdir varðandi einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. mgr. 7. gr.: Lagt er til að orðin „áður en starfsemi hefst“ verði bætt við 1. mál. 1. mgr. 7. gr., þannig að ljóst sé hvenær skráningarskyldan stofnast. Hér verður að horfa til þess að brot gegn 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, getur leitt til þess að aðili verði beittur stjórnvaldssektum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 101. gr. frumvarpsins, eða hann dæmdur til sekta eða refsingar, sbr. 2. tölul. 106. gr. frumvarpsins, og því mikilvægt að 1. mgr. 7. gr. sé skýr.

Um 1. mgr. 10. gr.: Í málsgreininni er kveðið á um þær upplýsingar sem fylgja skulu umsókn um starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Stofnunin telur að bæta eigi neðangreindum málslíð við ákveðið, sem yrði nýr 6. tölul. málsgreinarinnar, þannig að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda til að ganga úr skugga um að hann fullnægi skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfis sem fram komi í 11. gr. frumvarpsins:

Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar.

Um 1. mgr. 87. gr.: Í málsgreininni segir m.a. að „[h]lutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða [séu] innlausnarskyld að lágmarki ársfjórðungslega“. Fjármálaeftirlitið telur, m.t.t. lausafjárstýringar sjóða, að mun betra sé að þarna verði kveðið á um að hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða séu innlausnarskyld með að hámarki þriggja mánaða fyrirvara. Að öðrum kosti, þ.e. ef málsgreinin verður eins og hún er nú í frumvarpinu, þurfa fjárfestingarsjóðir sífellt að vera viðbúnir innlausnum hlutdeildarskírteinisþafa á þriggja mánaða fresti, sem er varla boðlegt fyrir rekstraraðila slíkra sjóða. Því leggur stofnunin til að 1. mál. 1. mgr. 87. gr. frumvarpinu hljóði svo:

Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða eru innlausnarskyld með að hámarki þriggja mánaða fyrirvara.

Um 1. mgr. 96. gr.: Í ákvæðinu er fjallað um þær aðgerðir sem rekstraraðilar fjárfestingarsjóða skuli grípa til fari fjárfesting fjárfestingarsjóðs fram úr hámarkum. Fjármálaeftirlitið telur rétt að bæta við málsgreinina orðunum „án tafar“ þannig að tryggt sé að rekstraraðilar láta stofnunina vita strax í kjölfarið á broti. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 43. gr. laga nr. 128/2011 og verði 1. mgr. 96. gr. breytt í samræmi við framangreinda athugasemd Fjármálaeftirlitsins verður orðalag málsgreinarinnar ennþá líkara 43. gr. laga nr. 128/2011.

Um 7. mgr. 99. gr.: Þar segir að hafi Fjármálaeftirlitið „gilda ástæðu til að ætla að rekstraraðili skv. 1. mgr. hafi sýnt af sér háttsemi sem fer gegn ákvæðum tilskipunar 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem það hefur ekki eftirliti [svo] með skal því komið á framfæri við lögbær yfirvöld í heimaríki rekstraraðila“. Fjármálaeftirlitið telur undarlegt að stofnuninni sé falið eftirlit með framkvæmd ákvæða tilskipunar ESB og það þrátt fyrir að hér sé um að ræða þá tilskipun sem ætlunin sé að innleiða með umræddu lagafrumvarpi. Því leggur Fjármálaeftirlitið til að 7. mgr. 99. gr. hljóði svo:

Hafi Fjármálaeftirlitið gilda ástæðu til að ætla að rekstraraðili skv. 1. mgr. hafi sýnt af sér háttsemi, sem fer gegn ákvæðum laga, sem rætur eiga að rekja til ákvæða tilskipunar 2011/61/ESB, skal því komið á framfæri við lögbær yfirvöld í heimaríki rekstraraðila.

Um 3. mgr. 101. gr.: Lagt er til að orðin „ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu“, verði felld út úr texta 3. mgr. 101. gr. frumvarpsins, enda er þennan fyrirvara ekki að finna í tilskipun 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða eða annarri löggjöf ESB um fjármálamarkaðinn. Þar af leiðandi takmarkar þessi fyrirvari sektarheimild Fjármálaeftirlitsins um of.

Um 2. mgr. 109. gr.: Tilvísun í „þær stofnanir“ í síðari hluta málsgreinarinnar er hægt að skilja sem svo að þar sé átt við Eftirlitsstofnun EFTA, ESMA og Evrópska kerfisáhætturáðið, en ekki „lögbær yfirvöld annarra ríkja innan EES“, sem vísað er til í fyrri hluta málsgreinarinnar, þó það hafi vafalaust ekki verið meiningin. Því leggur Fjármálaeftirlitið til að málsgreininni verði breytt m.t.t. þessa og hún þar með gerð skýrari.

Um 3. mgr. 109. gr.: Í málsgreininni er kveðið á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að afhenda án tafar upplýsingar og gögn til m.a. lögbærra yfirvalda annarra ríkja innan EES. Sú skylda sem kveðið er á um í málsgreininni er mjög opin, en Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að hún verði takmörkuð, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og leggur því til að bætt við verði aftast við málsgreinina orðunum „samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2011/61/ESB“.

Um 8. mgr. 109. gr.: Í 1. ml. er kveðið á um að skyldu Fjármálaeftirlitsins til að tilkynna ákveðnum aðilum um grun stofnunarinnar um brot rekstraraðila, sem ekki falli undir eftirlit hennar, á ákvæðum laganna. Í samræmi við tillögu til breytinga í umfjöllun um 7. mgr. 99. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. ml. 8. mgr. 109. gr. frumvarpsins hljóði svo, þannig að vísað sé til þeirra ákvæða laga (þessara eða annarra) sem eigi rætur að rekja til ákvæða tilskipunar 2011/61/ESB:



Hafi Fjármálaeftirlitið gilda ástæðu til að ætla að rekstraraðili sem ekki fellur undir eftirlit þess hafi sýnt af sér háttsemi, sem fer gegn ákvæðum laga, sem rætur eiga að rekja til ákvæða tilskipunar 2011/61/ESB, skal það tilkynna ESMA og lögbærum yfirvöldum í heima- og gistiríkjum viðkomandi rekstraraðila þar um.

Þá er í 2. ml. 8. mgr. 109. gr. kveðið á um ákveðna skyldu Fjármálaeftirlitsins gagnvart „lögbæru yfirvaldi annars ríkis innan EES“, en álitamál er hvort stofnunin þurfi ekki einnig að tilkynna þetta til annarra gistiríkja, eins og kveðið er á um í 1. ml.

Um 2. mgr. ii) e) í 1. tölul. 120. gr., þ.e. „Lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestisjóði, nr. 128/2011, með síðari breytingum“: Í e)-lið 1. tölul. 120. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á 33. gr. laga nr. 128/2011, m.a. segir í ii)-lið að svohljóðandi texta verði bætt við ákvæðið: „Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um eftirlit með áhættu samkvæmt þessari grein“. Fjármálaeftirlitið leggur til að umræddur texti í frumvarpinu hljóði frekar svo, til samræmis við að um áramót verður Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands sameinuð í eina stofnun, sbr. lög nr. 92/2019, sjá um þetta sérstaklega XXVII. kafla laga nr. 91/2019 um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins:

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um eftirlit með áhættu samkvæmt þessari grein.

Þá eru í texta frumvarpsins ýmsar innsláttar- og stafsetningarvillur sem vert væri að leiðrétta, en látið nægja hér að benda á með almennum hætti.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Anna Mjöll Karlsdóttir

Sigurður Guðmundsson



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10 Reykjavík
101 Reykjavík

sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Vísað er til umsagnarbeiðni sem Samtökum framtaksfjárfesta í nýsköpun (FRAMÍS) barst frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 13. nóvember sl. Umsagnarbeiðnin lýtur að framkomnu frumvarpi til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem ætlað er að innleiða tilskipun ESB nr. 2011/61.

FRAMÍS gerir eftirfarandi athugasemdir við drögin að frumvarpinu:

1. Létt verði á umframskyldum sem lagðar eru á smærri rekstraraðila sérhæfðra sjóða

Með frumvarpinu eru lagðar auknar og umfangsmeiri skyldur á smærri rekstraraðila sérhæfðra sjóða en umrædd tilskipun áskilur. Þannig eru gerðar kröfur um eftirfarandi:

- a) Að til staðar séu sérstök eftirlitskerfi með lausafjárstýringu og verkferlar sem því tengjast (25. gr. frumvarpsins).
- b) Að til staðar séu ferlar og skrár til að hægt sé að framkvæma fullnægjandi og óháð mat á eignum sjóðsins (26. gr.).
- c) Ársreikningur sé endurskoðaður innan fjögurra mánaða frá lokum reikningsárs og hafi að geyma upplýsingar umfram almennar, lögmæltar skyldur (45. gr.).
- d) Umfangsmikil upplýsingaskylda er lögð á smærri rekstraraðila gagnvart fjárfestum (46. gr.).
- e) Að rekstraraðili veiti Fjármálaeftirlitinu reglulegar upplýsingar, m.a. um þá geminga sem sjóðir í hans rekstri stunda viðskipti með, um helstu áhættuþætti í rekstri þeirra, m.a. vegna áhættuskuldbindinga og samþjöppunaráhættu.

Tilskipunin gerir hins vegar ekki kröfu um annað en að viðkomandi rekstraraðili skrái sig hjá eftirlitsaðilanum, geri grein fyrir fjárfestingarstefnu og upplýsi eftirlitsaðilann reglulega um helstu eignir til þess að gera honum kleift að fylgjast með kerfisáhættu.

Markmið tilskipunarinnar, hvað varðar smærri rekstraraðila, er eingöngu að gera eftirlitsaðilanum kleift að fylgjast með áhrifum þeirra á kerfisáhættu. Með frumvarpinu er vikið af þeirri leið og lagðar á smærri rekstraraðila skyldur sem eiga ekkert skylt við innleiðinguna. Eru umræddar kvaðir ekki studdar haldbærum rökum, enda þurfa þær að byggjast á skýrum eftirlitshagsmunum en ekki því hvaða gilt hefur um fagfjárfestasjóði til þessa, ekki síst í ljósi þess að með frumvarpinu er að fella undir gildissvið laganna mun fleiri aðila en áður töldust fagfjárfestasjóðir.

Að mati FRAMÍS er fullt tilefni til þess að létta á umræddum skyldum og færa þær til samræmis við það sem tilskipunin kveður á um.

DS
4W

2. Heimilt verði að markaðssetja smærri sjóði til almennra fjárfesta með skilyrðum.


Í frumvarpinu er lagt til að smærri rekstraraðilum verði óheimilt að markaðssetja sjóði sína til almennra fjárfesta, þrátt fyrir að tilskipunin heimili aðildarríkjum að ákveða að það skuli heimilt. Breytingin er verulega íþyngjandi fyrir smærri rekstraraðila sem hafa til þessa fallið utan eftirlits FME og geta nú um stundir markaðssett sig gagnvart almennum fjárfestum en verður eftir gildistöku laganna óheimilt að markaðssetja sig til annarra en fagfjárfesta, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Smærri rekstraraðilar sinna gjarnan fjárfestingum í nýsköpunarfyrirtækjum og litlum rekstrarfyrirtækjum, m.a. þeim sem byggjast á hugverkum frumkvöðla, en hafa takmarkað sjóðstreymi og afkomu. Verði hópur þeirra sem fjárfest geta í slíkum verkefnum þrengdur til muna er með því verið að leggja stein í götu þeirra. Að mati FRAMÍS myndi slíkt vera afturför fyrir atvinnulífið og nýsköpunarsamfélagið og til þess fallið að draga úr framþróun.

Einnig ber að nefna að slíkar kröfur eru ekki gerðar til annarra rekstraraðila sérhæfða sjóða innan EES en þeir mega markaðssetja sig til almennra fjárfesta á Íslandi þrátt fyrir umrætt bann 5. gr. frumvarpsins. Að mati FRAMÍS ætti hið sama að gilda um íslenska sérhæfða sjóði, ekki síst vegna samkeppnishæfni þeirra. Þeir keppa iðulega við erlenda sjóði um fjárfestingar á Íslandi, sem er afar smár markaður í samanburði við aðra markaði sem tilskipunin nær til. Viðbótarskyldur, umfram þær skyldur sem tilskipunin áskilur, myndu skerða samkeppnishæfni íslensku sjóðanna og stuðla að því að slík sjóðastarfsemi fari frekar fram erlendis þar sem kvaðirnar eru minni.

FRAMÍS leggur því til að smærri rekstraraðilum verði heimilt að markaðssetja sjóði sína til almennra fjárfesta. Eftir atvikum væri unnt að binda slíka heimild tilteknum skilyrðum, eins og þekkist í sumum aðildarríkjum, m.a. á Norðurlöndunum.

Virðingarfyllst,
F.h. FRAMÍS

DocuSigned by:

C816C8EBE2994CB...

Helga Valfells
formaður



LÁNAMÁL RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2019
Tilv.: 1911064

Efni: Umsögn Lánamála ríkisins vegna frumvarps til nýrra heildarlaga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Með tölvupósti dags. 13. nóvember s.l. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Lánamála ríkisins um frumvarp til nýrra heildarlaga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lagt fyrir á 150. löggjafarþingi, 341. mál.

Lánamál ríkisins vilja koma á framfæri einni athugasemd er varðar merkingu hugtaka í frumvarpinu. Í 1. tölulið 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er hugtakið *aðalmiðlari* skýrt svo:

„Aðalmiðlari: Lánastofnun, verðbréfafyrirtæki eða annar eftirlitsskyldur aðili sem býður fagfjárfestum þjónustu, einkum að fjármagna eða framkvæma viðskipti með fjármálagerninga sem mótaðili og sem kann einnig að veita aðra þjónustu, svo sem stöðustofnun og uppgjör verðbréfaviðskipta, öryggisvörslu lausafjármuna og veitingu verðbréfalána.“

Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að í 1. tölul. sé hugtakið aðalmiðlari (e. Prime Broker) skilgreint, sbr. af-lið 1. mgr. 4. gr. AIFMD. Skilgreiningin telur upp þá aðila sem falla undir hugtakið en önnur þjónusta aðalmiðlara, svo sem stöðustofnun og uppgjör, er ekki talin upp með tæmandi hætti í skilgreiningunni.

Í íslensku þýðingu AIFMD-tilskipunarinnar¹ er hugtakið skilgreint í af-lið með svohljóðandi hætti:

¹ Sjá hér: [Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum \(EB\) nr. 1060/2009 og \(ESB\) nr. 1095/2010](#)

„miðlari“: lánastofnun, skráð fjárfestingarfyrirtæki eða önnur eining sem fellur undir varfærniseftirlit og viðvarandi eftirlit og býður fagfjárfestum þjónustu, einkum til að fjárfesta eða framkvæma færslur í fjármálagæringum sem mótaðili og sem getur einnig veitt aðra þjónustu, t.d. greiðsluþjónun og uppgjör, vörsluþjónustu, verðbréfalánveitingar, sérsniðna tækni og rekstrarstuðning.“

Ekki er fullt samræmi milli skilgreiningar í frumvarpinu og íslensku þýðingunni á AIFMD-tilskipuninni, þar sem hugtakið *miðlari* er látið ná yfir enska hugtakið *Prime Broker*.

Hugtakið aðalmiðlari (e. Primary Dealer) er notað um einkarétt til viðskipta með ríkisverðbréf við ríkissjóð, sem aðalmiðlarar ríkisverðbréfa stofna til, fyrir eigin reikning. Í því sambandi hafa t.d. innlendir aðalmiðlarar árlega undirritað sérstakan aðalmiðlarasamning við Lánamál ríkisins, sem mælir fyrir um réttindi þeirra og skyldur.

Svohljóðandi skilgreiningu á hugtakinu viðurkenndur aðalmiðlari (e. Authorised Primary Dealer) er t.d. að finna í reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga nr. 236/2012:

„n) „viðurkenndur aðalmiðlari“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur undirritað samkomulag við ríkisútgefanda eða hefur hlotið formlega viðurkenningu sem aðalmiðlari, af hálfu eða fyrir hönd ríkisútgefanda, og hefur í samræmi við það samkomulag eða viðurkenningu skuldbundið sig til að eiga viðskipti fyrir eigin reikning í tengslum við aðgerðir á frum- og eftirmarkaði sem tengjast skuldum sem sá útgefandi hefur gefið út,“

Hugtakið aðalmiðlari kemur einnig fyrir í 26. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, og er þar sett fram í sömu merkingu og vísað er til í skortsölureglugerðinni og hjá Lánamálum ríkisins vegna útgáfu ríkisverðbréfa, en útgáfur Íbúðalánasjóðs njóta ríkisábyrgðar.

Sá grundvallarmunur á hugtökunum „viðurkenndur aðalmiðlari“ og „miðlari“ skv. löggjöf Evrópusambandsins felst í því að viðurkenndur aðalmiðlari (e. Primary Dealer) á viðskipti við ríkisútgefanda fyrir *eigin reikning* og á grundvelli sérstaks samning við hann. Miðlari (e. Prime Broker) er hins vegar aðili sem býður fagfjárfestum þjónustu fyrir þeirra reikning, þ.e. *fyrir reikning annarra*. Oftast er um að ræða margþætta fjármálaþjónustu, s.s. greiðsluþjónun og uppgjör, vörsluþjónustu, verðbréfalánveitingar, sérsniðna tækni og rekstrarstuðning, eins og lýst er í AIFMD-tilskipuninni.

Til að forðast mögulegan hugtakarugling til framtíðar séð, vilja Lánamál ríkisins leggja til að annað hugtak en *aðalmiðlari* verði

notað til að lýsa miðlara (e. Prime Broker) skv. AIFMD-tilskipuninni í frumvarpinu. Með hliðsjón af eðli þess viðskiptasambands sem felst í því að vera *Prime Broker* mætti nota orðið *ffjármálaþjónustumiðlari* í þessu sambandi. Hugsanlega mætti nota hugtakið miðlari, líkt og í tilskipuninni, en bæta við að hugtakið eigi við í skilningi laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Lánamál ríkisins leggja því til að í stað hugtaksins *aðalmiðlari* í frumvarpinu verði fundið annað hugtak sem ekki er í virkri notkun í dag og er annarrar merkingar en fram kemur í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
LÁNAMÁL RÍKISINS
f.h. Endurlána ríkisins

Björgvin Sighvatsson
forstöðumaður

Hákon Zimsen
lögfræðingur

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða

Vísað er til umsagnarbeiðni sem LOGOS slf. barst frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 13. nóvember sl. Umsagnarbeiðnin lýtur að framkomnu frumvarpi til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem ætlað er að innleiða tilskipun ESB nr. 2011/61.

LOGOS telur að tiltekin orðanotkun í frumvarpsins geti skapað óvissu um réttarstöðu fjárfestingarfélaga. Telur LOGOS mikilvægt að þeirri óvissu sé eytt og leitast við að hafa frumvarpstextann skýran, þannig að ljóst sé til hverra hin nýja löggjöf muni ná.

Samkvæmt frumvarpinu eiga lögin að gilda um rekstraraðila sem reka eða markaðssetja einn eða fleiri sérhæfðra sjóði hér á landi, án tillits til rekstrarforms rekstraraðila eða rekstrarforms sérhæfðra sjóða. Þetta kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um takmarkanir á gildissviðinu. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi ekki um eignarhaldsfélög. Í athugasemdum við frumvarpið segir að eignarhaldsfélög séu undanskilin gildissviði frumvarpsins en að takmörkun þessi nái ekki til rekstraraðila einkafjármagnssjóða (e. private equity funds) eða til rekstraraðila sérhæfðra sjóða hvers hlutir eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað.

Ekki er nægilega skýrt tekið fram í þessum orðum að fjárfestingarfélög sem hafa ekki einkenni einkafjármagnssjóða (e. private equity funds) falli undir takmörkun á gildissviði skv. 2. gr. og að löggjöfin eigi ekki við um slík félög. Því leggjum við til að réttarstaða slíkra félaga sé skýrð frekar. Eðlilegt væri að það kæmi fram beinum orðum í frumvarpinu eða í athugasemdum að slík félög séu undanskilin gildissviði frumvarpsins. Meðal þess sem gjarnan greinir að sjóði og fjárfestingarfélög er að hin síðarnefndu hafa ekki utanaðkomandi rekstraraðila, hafa ekki afmarkaðan líftíma, lúta stjórn sem kosin er af hluthöfum á hluthafafundi og innlausnarskylda gagnvart hluthöfum er sjaldnast fyrir hendi.

Í 7. tl. 3. gr. er hugtakið eignarhaldsfélag skilgreint en þar segir að eignarhaldsfélag sé:

„Félag sem á hluti í einu eða fleiri félögum og hefur þann viðskiptalega tilgang að framfylgja viðskiptastefnu eða - stefnum í gegnum dótturfélög sín, hlutdeildarfélög eða með þátttöku, til þess að stuðla að verðmætaaukningu þeirra til lengri tíma, og sem er annað hvort félag:

- a. Sem starfar fyrir eigin reikning og hlutabréf þess hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, eða*
- b. sem ekki er stofnað í þeim megintilgangi að skila fjárfestum hagnaði með fiárlösun dótturfélaga eða hlutdeildarfélaga þeirra, eins og fram kemur í ársreikningum þeirra eða öðrum opinberum gögnum.“*

Textinn í b-hluta ákvæðisins mætti vera skýrari. Þannig er t.d. ekki alveg skýrt að okkar mati hvað átt sé við með notkuninni á orðinu „fiárlösun“. Við leggjum því til að orðið „sala“ verði notað í stað þess hugtaks, þannig að ákvæðið verði svohljóðandi:

- b. sem ekki er stofnað í þeim megintilgangi að skila fjárfestum hagnaði með sölu dótturfélaga eða hlutdeildarfélaga þeirra, eins og fram kemur í ársreikningum þeirra eða öðrum opinberum gögnum.

Við teljum að þetta skerpi á skýringu ákvæðins þar sem orðið fjárlosun er lítt þekkt og getur haft rýmri þýðingu en orðið sala. Samkvæmt orðabók er orðið komið úr íðorðabók fyrir hagfræði. Í enska texta tilskipunar ESB nr. 2011/61 er greinin svohljóðandi:

"not established for the main purpose of generating returns for its investors by means of divestment of its subsidiaries or associated companies, as evidenced in its annual report or other official documents"

Enska orðið „divestment“ er í orðabók þýtt á íslensku sem sala eða fjárlosun. Orðið fjárlosun þýtt yfir á ensku þýðir hins vegar „divestment“ eða „liquidation“ á ensku. Þetta getur valdið því að ákvæðið verði túlkað rýmra en það ætti að gera samkvæmt tilskipuninni. Við teljum með því að nota orðið „sala“ í stað orðsins „fjárlosun“ sé hvorki verið að þrengja merkingu ákvæðisins né víkja frá markmiðum ákvæða tilskipunarinnar. Þvert á móti myndi sú breyting sem við leggjum til eyða mögulegri óvissu í framkvæmd og skerpa á þeim markmiðum sem stefnt er með tilskipuninni.

Í þessu sambandi bendum við einnig á orðalag greinarinnar á dönsku en þar er notast við sögnina „afhænde“ sem þýðir „sala“. Sjá grein á dönsku:

„ikke er oprettet med det primære formål at generere afkast til sine investorer ved at afhænde sine datterselskaber eller tilknyttede selskaber, som dokumenteret af selskabets årsrapport eller andre officielle dokumenter“

Með vísan til þess sem er rakið hér að ofan er það mat okkar að ekki komi nægjanlega vel fram í frumvarpstextanum að fjárfestingarfélög sem ekki hafa einkenni sjóða falli utan við gildissvið þess. Er brýnt að gera viðeigandi lagfæringar á frumvarpstextanum til að taka af tvímæli um það.

Virðingarfyllst,
LOGOS lögmannsþjónusta


Ólafur Arinbjörn Sigurðsson


Þorólfur Jónsson